

**FUNDARGERÐ****KYNNINGARFUNDUR UMHVERFISSTOFNUNAR FYRIR VATNASVÆÐIS-NEFND Á VATNASVÆÐI 1**

Dags. fundar 11.04.12	13:30 – 17:00	Staður Cafe Riis Hólmavík	Nr. fundar 1
Fundarstjóri: Kristján Geirsson		Fundarritari: Jóhanna, Heiðrún og tryggvi, áhersla lögð á að skrifa niður helstu ábendingar og athugasemdir frá fulltrúum, og ákvarðanir teknar á fundinum.	
Fundarmenn: Anton Helgason, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Sigríður Hjaltadóttir, Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi vestra, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Reykhólahreppi, Dalabyggð og Strandasýslu, Theodóra Mattíasdóttir, Snæfellsnesi, Ralf Trylla, Ísafjarðabæ, Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðahreppi, Ármann Halldórsson, Vesturbyggð, Jens P. Jenson, Húnavatnshreppi, Ágúst Þór Bragason, Blönduósbæ, Vignir Sveinsson, Skagabyggð, Sigríður Magnúsdóttir og Guðný Zoega, Skagafirði, Kristján Geirsson, UST, Heiðrún Guðmundsdóttir, UST, Jóhanna Björk Weisshappel, UST, Tryggvi Þórðarson, UST.			
Afrit sent til: Fulltrúa í vatnsvæðisnefnd á svæði 1			
Markmið fundar: Kynna nýja stjórnsýslu vatnamála, drög að áfanga- og verkáætlun, hlutverk vatnsvæðisnefnda og að hafa fyrsta vinnufund við álagsgreiningu á vatnsvæðinu.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	Opnun fundar: Kristján Geirsson, deildarstjóri. Sagði frá fundum í öðrum vatnsvæðanefndum og að þessi fundur væri síðasti kynningarfundurinn og jafnframt fyrsti vinnufundurinn. UST óskar eftir samstarfi við sveitarfélög, heilbrigðiseftirlit og heimamenn við þetta nýja verkefni stjórnar vatnamála. Getur nýst sveitarstjórnnum sem stjórnþæki, er ekki gert fyrir ESB, EEA eða vísindamenn til að vinna rannsóknaverkefni. Fyrsta vatnaáætlun á að vera tilbúin fyrir árslok 2015, framkvæmdatímabilið er 2016 til 2021.	KG
2	Kynningar: Heiðrún Guðmundsdóttir– Lög og reglugerðir Tryggvi Þórðarson– Áfanga og verkáætlun 2011-2015 Jóhanna Björk Weisshappel– Vatnsvæðisnefndir og skipulag vinnufunda. Spurningar, ábendingar og athugasemdir frá fulltrúum: Umræður um peningamálin, gjaldtöku fyrir afnot af vatnsauðlindinni og hvers vegna spara þurfi vatn þar sem nóg er af vatni. Fólk ekki ánægt með að eiga von á gjaldtöku fyrir afnot af vatnsauðlindinni. Svar UST: Ekki gert ráð fyrir að almenningur verði skattlagður fyrir vatnsnotkun, eingöngu stórnotendur. Hverjir teljast vera stórnotendur að vatni? Svar UST: T.d. Landvirkjun, stórar vatnsveitur, laxveiðar/fiskveiðar, skemmtisiglingar, sundlaugar. Nota þarf hagræna hvata til að bæta nýtingu vatns og draga út vatnsnotkun. Það mun aldrei borga sig að setja vatnsmæla í öll hús (of mikill kostnaður). Gera þarf við leka í vatnsveitukerfum, þarf að huga betur að viðhaldi. Hvernig á að mæla hvort verið sé að ganga á grunnvatnsstöðu? Svar UST: Búið að áætla hvað mikið er í vatnsgeyminum, má ekki dæla meiru upp en endurnýjar sig. Eingöngu verður skoðað vatn sem verið er að nýta, engar ónauðsynlegar rannsóknir fyrirhugaðar á grunnvatni. Vatnstaða er misjöfn á landinu, t.d. á Seltjarnarnesi var of miklu dælt upp og komst sjór inn í grunnvatnið, þar er	HG TP JBW

grunnvatnið ónothæft í dag. Í Borgarfirði og Suðurlandi hafa verið þurrkar og yfirborðsvatn þornað. Ljóst er að á landinu eru staðbundin vandamál vegna þurrka á sumrin, einkum þar sem yfirborðsvatn er notað sem drykkjarvatn. Ábending frá fulltrúa: Þetta á víða við um staðbundnar einkavatnveitur, en á ekki við um stórar almenningsveitur.

Hafa vatnasvæðanefndir hlutverk í framtíðinni? Svar UST: Já, munu hittast á hverju ári, að lágmarki einu sinni á ári, til að fylgja eftir gerð vatnaáætlunar, m.a. til að setja umhverfismarkmið um gott ástand vatns og útbúa aðgerðaráætlun, forgangsröðun aðgerða, svo að markmiðunum verði náð.

Ef einstakar vatnsveitur lagfæra hjá sér vatn, mun sveitarfélag skattleggja það? Svar UST: Nei, einstakar vatnsveitur verða ekki skattlagðar, eingöngu stórir notendur.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar stendur að til að innleiða vatnatilskipun ESB þurfi að taka upp gjalddöku á íbúa, það er andstætt við það sem sagt hefur verið hér? Svar UST: Heiðrún ekki sammála þessu í skýrslunni.

Getur vatnasvæðisnefndin farið í þvingunaraðgerðir gagnvart sveitarfélögum sem ekki eru með frárennismálin í lagi? Eru ekki strangari reglur um meðferð skólps á Íslandi en mælt er fyrir um í viðkomandi tilskipun ESB? Svar UST: Nei, skoða á hvort starfsemi sé að valda álagi eða ekki. Undanþágur eða frestun á úrbótum í fráveitumálum var frá 1994 til 2005, framlengdur til 2008. Á þessum árum var veittur 20% afsláttur á virðisaukaskatti til að styðja við framkvæmdir sveitarfélaga. Krafa um 1. þrepa hreinsun liggja við 10.000 þe og losun í strandsjó. Rétt er að íslenskar kröfur eru strangari en t.d. í Noregi.

Vinnufundur: Farið yfir gögn í Excel töflu/álagslista, ýmsar leiðréttingar og viðbætur gerðar. Ljóst er að samræma þarf aðferðir við að reikna út/áætla fjölda persónueininga sem losaðar eru með fráveitu/skólpi frá fyrirtækjum í viðtaka.

Umræða: Kröfur um hreinsun skólps í reglugerð 798/1999 eru of strangar. Spurning hvort útfellingar frá jarðhitnum í Reykjanesi sé sýnileg áhrif mengunar, getur verið náttúrulegt ástand. Aftur á móti telst förgun hitaveituvatns í fjöru vera mengun og útfellingar sýnileg áhrif. Vestfirðir hafa góðan viðtaka, sjóinn, t.d. Ísafjarðarbæ og Bolungarvík. Efnistaka úr ám getur haft neikvæð áhrif á fiskgengd og hrygningarsvæði. Staðan í rotþróavæðingu sveitabæja rædd, yfirleitt góð staða í þeim málum á vatnasvæði 1. Rækjuvinnsla er á Hólmavík, ekki lengur á Blönduósi. Byggð var hreinsistöð á Blönduósi árið 2000, nú er engin rækjuvinnsla þar. Rækjuvinnsla ekki lengur á Drangnesi; losun í strandsjó og rotþrær (72 íbúar) á Drangnesi. Heilbrigðisfulltrúarnir hafa útvegað upplýsingar um álag frá fyrirtækjum. Fituskiljur á fráveitu frá matvælafyrirtækjum getur minnkað álag í viðtaka. Í álagslista var bætt við Húnavatnshreppi, Skagafirði dreifbýli og Akrahreppi.

Næstu skref: Jóhanna mun ræða betur við fulltrúa heilbrigðiseftirlita um samræmingu við útreikninga/áætlun persónueininga í tengslum við skólpmál. Jóhanna mun síðan senda öllum fulltrúum vatnasvæðanefndar Excel skrána/álagslistan og mun taka á móti ábendingum, leiðréttingum og viðbótum frá fulltrúunum. Gert ráð fyrir fundi í september með fulltrúunum, farið yfir álagsgreininguna og efni draga að stöðuskýrslu skoðuð sem stefnt er að því að fari



	í kynningu í okt. 2012.		
	Næsti fundur: Í september 2012.		

